

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Ársyfirlit 2025

Starfsmenn: Bókavörður í 50% starfi er Sigríður Jónsdóttir og afleysingum hefur sinnt Steinunn H.Halldórsdóttir

Starfsemi:

Í ársbyrjun kom til það verkefni frá Landskerfi bókasafna að yfirfara eldri skráningar bóka og laga. Bókavörður fékk í hendurnar vænt exelskjál sem innihélt 1227 línur = 1227 eintök, sem þurfti að yfirfara handvirkt og eftir atvikum leita uppi innan safnsins hvort væru á réttum stað og/eða rétt skráðar. Eins og vænta má tók þetta drjúgan tíma og var þessu verkefni skilað til Landskerfis fullkláruðu á tilsettum tíma fyrir páska.

Áfram er unnið í tiltekt og grisjun í geymslum, bæði inni á safni og í kjallara.

Nýbreytni í starfi er aukið samstarf við Auðarskóla. Þar sem boðið er uppá bekkjarheimsóknir fyrir hádegi á fimmtudögum, en það gefur bókaverði tíma og tækifæri til að sinna betur þeim aldurshópi sem stundum þarf aðeins meiri handleiðslu í vali á lestrarefni, en hinir fullorðnu.

Enn á ný er svo lagt upp í jólabókalestur fyrir öll stig Auðarskóla, og mun sá lestur hefjast í lok nóvember eða byrjun desember. Aðeins á eftir að ganga frá nánari tímasetningum í samráði við umsjónarkennara.

Vísindaleg talning á heimsóknum í safnið jan – mars

Þar kom í ljós að vel má una við gestafjölda safnsins, meðalfjöldi á dag er 13,56 manns, þar sem einn dagur gaf mest 28 gesti en þegar minnst var voru þeir 4. Þann dag skráði safnvörður að hefði verið einstaklega gott veður og fólk því mögulega með annað í huga en bókalestur.

Daginn sem næstfæstir komu, eða 5, var mjög vont veður, þannig að vissulega má sjá ákveðna veðurtengingu í aðsókn bókasafnsins. Alls voru það fimm dagar sem gestir voru 20 eða fleiri. Við tvo daga skráði bókavörður aukaheimsóknir þ.e. þær fóru fram utan opnunartíma, í öðru tilfallinu komu 17 leikskólabörn og 4 starfsmenn leikskóla til að aðstoða við að hengja upp víkingingabúninga til sýningar, og í hinu tilfallinu var yfirreið þingflokks Viðreisnar og litu þau við á bókasafninu fyrir hádegi.

Örsýningar:

Sýningarhald hefur verið með frískasta móti þetta árið, og ýmist í samstarfi við Byggðasafnið, skólann og einstaklinga, eða af sjálfsprottu framlagi bókavaraðar. Eftirfarandi listi er yfir þær örsýningar sem upp hafa verið settar á árinu.

Jan – feb Jóhanna Kristín Andrésdóttir, ljósmóðir

Feb – mars – víkingabúningar og skart/Tröllaklettur

Mars – apríl – vélmenni/ýngsta stig grunnskólans

Apríl – sept – bókamerki af ýmsum toga

Okt – nóv – gömul leikföng af byggðasafninu

Nóv- des - víðtæk birtingarmynd jólabaksturs (verk í vinnslu)

Viðburðir:

Líkt og undanfarin sumur stóð bókasafnið fyrir Sumarlestrarbingói. Var þátttaka með eindæmum góð, þó vissulega hafi ekki allir náð að klára og skila inn.

Í október í tengslum við Barnó (Barnamenningarhátíð Vesturlands) var boðið upp á bangsagistingu í bókasafninu. 20 bangsar mættu og dvöldu á safninu frá þriðjudegi til fimmtudags. Þegar þeir voru sóttir fylgdi hverjum og einum lítil frásögn af því hvað bangsi tekur sér fyrir hendur (og eftir atvikum, fætur) þegar við sjáum ekki til þeirra.

Tengt Barnó var einnig óskað eftir sögum eftir börn, með yfirskriftinni – Hvað hlakkar þig til að gera í vetur . Undirtektir voru ekki alveg eftir vonum þ.e. einungis bárust fjórar sögur, en þær voru ljómandi góðar og skreyttu vegginn okkar í anddyri stjórnsýsluhússins í nokkrar vikur.

Afhending umbuna fyrir Lestrarbingó fór fram 23.okt. Átta börn og tveir fullorðnir tóku þátt og fengu þau öll umbun og viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna. Afar ánægjulegt hvað þessi viðburður gengur vel og þátttaka eykst frá ári til árs.

Viðauki ársyfirlits 2024

Skráð eintök í lok árs 14.011

Keypt eintök 337 (2024)

- // - 353 (2023)

- // - 371 (2022)

Fjöldi útlána 1464 eintök

Aðfaranótt 12/11 var úrhellisrigning og suðvestanrok . Kom þá vatn inn með gluggunum að framanverðu, á þremur stöðum. Skemmdust 4 bækur sem voru í útstillingu í glugga. Vatn sem kom inn með glugga í léttlestrarhorni, rann inn á gólf og náði bleytan inn undir bókahilluröðina í miðjunni. Á öðrum stöðum kom inn minna vatn. Ekki kom inn vatn með opnanlegu fögunum, heldur virtist þískast inn með gleri og jafnvel inn um rifur á botn - stykkjum glugganna.

Lokaorð:

Með vísan í það sem hér að ofan er skrifað, þá gladdi það bókavörð mjög að á meðan á þessari yfirlitsgerð stóð, kom smiður og byrjaði að vinna að gluggaviðgerðum. Það er von bókavarðar að þær aðgerðir muni með öllu hindra ágjöf vatns og vinda hér innandyra.

Sigríður Jónsdóttir

Bókavörður